

Mánudaginn 13. október 1919.

Nr. 51/1919:

Valdstjórnin
 gegn
 Jóhanni Friðrikssyni.

D ó m u r :

Með lögregluréttardómi Reykjavíkur, uppkeðnum 10. júlí þ. á., var Jóhann Friðriksson til heimilis Vegamótastíg 3 hér í bænum dæmdur fyrir brot á lögreglusamþykkt kaupstaðarins í 60 kr sekt til bæjarsjóðs og sakarkostnað allan, og er þessum dómi að ósk kærða skotið til yfirdómsins.

Kærða er gefið það að sök, að hann hafi verið drukkinn á almannafæri, 13. júní þ. á., og þannig orðið brotlegur gegn 8. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, staðfestar 19. apr. þ. á., en það er í þessari grein talin hneykslanleg hegðun að sjást drukkinn á almannafæri, og lögð við sekt, eigi lægri en 50 kr. Kærði hefir eigi treyst sér til að neita því að hann hafi sést drukkinn á götum bæjarins nefndan dag, og að þar að lútandi skýrsla lögregluþjóns sé rétt. Hann kemst því eigi hjá að sæta sekt, sem ákveðst 50 kr. Að öðru leyti samþykkist hinn áfrýjadi dómur og má þá staðfesta hann með þessari breytingu á sektarupphæðinni. Kærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutninglaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors.

Meðferð málsins í lögregluréttinum hefir verið

vitalaus og sókn í því og vörn við yfirdóminn lög-
mæt.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó svo að sektin sé 50 kr. Kærði Jóhann Friðriksson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. október 1919.

Nr. 52/1919:

Valdstjórnin
gegn
Sighvati Jónssyni.

D ó m u r :

Með lögregluþingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 10. júlí þ. á., var Sighvatur Jónsson, til heimilis Vatnsstíg 10 hér í bænum, dæmdur í 75 kr. sekt til bæjar-sjóðs Reykjavíkur og málskostnað allan fyrir brot á lögreglusamþykkt kaupstaðarins, og er þessum dómi, að ósk kærða, skotið til yfirdómsins.